

Til bæjarritara

Kópavogi, 14. október 2024

Efni: Minnisblað vegna 167. fundar lista- og menningarráðs þann 2. október 2024

Undirrituð var fundarritari á fundi lista- og menningarráðs þann 2. október sl. og hefur verið falið að rita minnisblað um hvað fór fram á fundinum er málum nr. 3 og 4 á dagskrá fundarins var frestað. Gerðar hafa verið athugasemdir af hálfu Pírata við fundargerð ráðsins þar sem formaður er sakaður um að hafa breytt fundargerðinni eftir að fundi lauk. Lýtur erindið einkum að því að svara hvort búið var að slíta fundi formlega þegar málunum tveimur var frestað eða hvort verið var að yfirfara fundargerð áður en fundi var slitið.

Það skal tekið fram að ráðið var í tímaþröng í lok fundar að klára seinustu tvö málin á dagskrá fundarins. Þriðja og fjórða málið voru afgreidd í miklu flýti þar sem nefndarmönnum var mikið í mun að halda tíma og fundartími ráðsins var við það að verða búinn og kváðust nefndarmenn þurfa að vera annars staðar.

Á fundinum var mál nr. 3 afgreitt með eftirfarandi hætti „Svar lagt fram.“ Nefndarfulltrúi Pírata kvaðst vilja bóka undir málinu en var ekki klár með bókanir sínar sem hann þó las upp fyrir fundinn. Hann var að klára að semja og skrifa bókanirnar á fundinum sem hann hugðist senda á fundarritara í tölvupósti á meðan haldið var áfram með fundinn og næsta mál á dagskrá var tekið til umræðu. Tók einn nefndarmaður undir fyrri bókun hans við upplesturinn.

Mál nr. 4 var því næst tekið til afgreiðslu og atkvæði greidd um niðurstöðu þess. Þrír aðalmenn þ.á.m. formaður stóðu sameiginlega að bókun undir þessum lið. Nefndarfulltrúi Pírata vildi sömuleiðis leggja fram bókun sem hann var að ljúka við að skrifa í tölvupósti til fundarritara.

Skömmu síðar sendir nefndarfulltrúi Pírata tölvupóstinn með bókunum sínum á fundarritara, tvær bókanir undir máli 3 og eina bókun undir máli 4, sem fundarritari færir inn í fundargerð. Þegar bókun hans undir máli 4 er lesin upp á fundinum kvaðst einn aðalmaður myndu vilja koma með mótbókun við bókun Píratans en nefndarmenn kváðu ekki gefast tíma til þess þar sem fundartíma væri lokið og tveir aðalmenn þurftu að vera mættir annað. Er í kjölfarið tekin ákvörðun um að fresta dagskrárlið 4 þar sem ekki gafst tími til að ljúka málinu og var fundargerðin send til yfirlestrar og samþykktar á nefndarmenn.

Við yfirllestur fundargerðarinnar kemur formaður og starfsmaður nefndarinnar auga á síðari bókun nefndarfulltrúa Pírata undir máli 3 er fól í sér persónulegar ávirðingar í þeirra garð og vildu fá að svara bókuninni með eigin bókun. Nefndarmenn kváðu ekki vera tíma til þess núna þar sem þegar væri komið fram yfir bókaðan fundartíma ráðsins og tveir aðalmenn þyrftu að fara og er því farið fram á að þessum lið verði einnig frestað ef ekki tekst að ljúka bókunum á fundinum. Ótækt væri að ljúka fundi með þessum hætti án þess að aðilar fengju að koma að sínum bókunum og taka aðrir nefndarmenn í sama streng.

Nefndarfulltrúi Pírata kvað nefndarmenn ekki geta komið með mótbárur núna og spurði hvort fundi væri ekki lokið, en fékk þau svör frá fundarritara og starfsmanni nefndarinnar að það væri ekki formlega búið að slíta fundi ennpá, fundargerðin væri í yfirllestri og undirritun hjá nefndarmönnum og ef vilji ráðsins standi til þess að leiðrétta fundargerð og/eða fresta málinu sé það í þeirra höndum.

Var fundarritari þá spurður hvort hægt væri að koma með mótbókun við bókun nefndarfulltrúa Pírata á næsta fundi ráðsins, en undirrituð benti ráðinu á að þau þyrftu að fullnaðarafgreiða málið núna. Bókun þyrfti að koma fram núna við afgreiðslu málsins, að öðrum kosti þyrfti að fresta afgreiðslu þess. Undirrituð benti þeim á að venja væri að ljúka fundardagskrá nefnda og ráða þótt fundartími þeirra sé búin og benti í því sambandi á bæjarráð og skipulagsráð sem sitja eins lengi og þörf er á til að ljúka málum. Nefndarmenn fá ekki að fara fyrr en dagskrá sé tæmd.

Fyrst nefndarmenn gátu ekki setið lengur til að klára afgreiðslu málsins var því frestað og fundarritari sendir fundargerðina öðru sinni til yfirllestrar og samþykktar á nefndarmenn og undirrituðu allir nefndarmenn ráðsins fundargerðina að afloknum fundi.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur